

## Landsframleiðslan – bráðabirgðatölur 2004, endurskoðun 1990–2003

*Gross Domestic Product – preliminary data 2004 –  
revision 1990–2003*

*Samantekt* Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2004 óx landsframleiðslan að raungildi um 6,2% í stað 5,2% í áætlun frá því í mars. Þessi vöxtur kemur í kjölfar 3,6% vaxtar á árinu 2003. Aukinn hagvöxt frá fyrri áætlun má fyrst og fremst rekja til mun meiri fjárfestingar á árinu 2004 en áætlun í mars benti til.

Vegna nokkru lakari viðskiptakjara og aukinna vaxta- og arðgreiðslna til útlanda uxu þjóðartekjur nokkru minna en landsframleiðslan eða um 4,9%.

Vöxtur landsframleiðslunnar einkenndist af miklum vexti einkaneyslu, sem óx um 6,9%, og fjárfestingar sem óx um 21,0%. Þjóðarútgjöldin uxu því langt umfram landsframleiðsluna eða um 8,4% og leiddi það til verulegs viðskiptahalla sem nam 72,7 milljörðum króna, 8,2% af landsframleiðslu. Þróun helstu hagstærða á árinu 2004 varð því á ýmsan hátt lík því sem hún var árið áður. Einkaneysla óx heldur meira en árið áður en fjárfesting var svipuð. Viðskiptahallinn jókst.

Samhliða þeim bráðabirgðatölum, sem nú birtast, þá hefur Hagstofan einnig endurskoðað fyrri tímaraðir allt aftur til ársins 1990 og fjárhæðir á verðlagi ársins hafa einnig breyst á áratugnum 1980-1990. Fimm atriði skipta mestu máli í þessari endurskoðun:

- Í stað viðmiðunar við fast verð tiltekins árs (var 1990) er nú tekin upp árleg keðjutenging við útreikning á magnbreytingum
- Tímaraðir aftur til ársins 1980 eru gerðar samfelldar
- Vörufæðisreikningar árið 2001 liggja fyrir og eru nýttir
- Tekin er upp ný útgjaldaflokkun í einkaneyslu og samneyslu
- Birt er ný samræmd atvinnugreinaflokkun þjóðhagsreikninga eins langt aftur og talnaefnið nær, þ.e. til 1973

Nánari grein er gerð fyrir þessum og nokkrum öðrum breytingum aftar í þessu hefti Hag tíðinda.

*Hagvöxtur 6,2% á árinu 2004*

Hagstofan birtir nú bráðabirgðatölur yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2004 og koma þær í stað áætlana frá því í mars síðastliðnum. Samhliða þessum bráðabirgðatölum hafa tölur nokkurra fyrri ára hnikast lítið eitt til eftir því sem fyllri heimildir hafa gefið tilefni til. Bráðabirgðatölurnar sýna að landsframleiðslan á liðnu ári varð 885 milljarðar króna en það er 74 milljarði eða 9,1% hærri fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga óx landsframleiðslan að raungildi um 6,2% en óx árið áður um 3,6%, en hafði dregist saman um 1,3% á árinu 2002. Bráðabirgðatölurnar



nú sýna talsvert meiri hagvöxt á árinu 2004 en áætlunin frá því í mars síðastliðnum, en þá var talið að hagvöxturinn á árinu 2004 hefði orðið 5,2%.


Breytingin skýrist einkum af mun meiri fjárfestingu en reiknað var með í mars.

#### Minni vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðslan þar sem í þeim er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til streymis launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Á árinu 2004 versnuðu viðskiptakjör nokkuð eða 0,5% af landsframleiðslu fyrra árs. Verð á útfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 4,8% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 8,7%.

### Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. Preliminary figures 2004.


Að teknu tilliti til þessara breytinga, svo og aukins nettó streymis launa- og eignatekna til útlanda, er niðurstaðan sú að þjóðartekjur á árinu 2004 jukust um 4,9% að raungildi.

#### Einkaneysla og fjárfesting bera uppi hagvöxtinn

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má, líkt og árið áður, öðru fremur rekja til aukinnar einkaneyslu og fjárfestingar en á móti vegur að nokkru aukinn innflutningur, langt umfram aukinn útflutning. Að þessu leyti svipar þróuninni til árána 1998, 1999 og 2003 en á árinu 2001 var hagvöxtur aftur á móti drifinn áfram af miklum vexti útflutnings.

## Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. Preliminary figures 2004.

Á árinu 2004 óx einkaneysla um 6,9% að raungildi og kom sá vöxtur í kjölfar mikils vaxtar árið áður þegar neyslan óx um 5,8%. Aftur á móti hafði neyslan dregist saman næstu tvö ár þar á undan, á árinu 2002 um 1,8% og um 3,2% á árinu 2001.

Undanfarinn hálfan annan áratug hefur vöxtur einkaneyslunnar að mestu haldist í hendur við vöxt landsframleiðslunnar, þó með tveim undantekningum, það er á árunum 1998 og 1999 og síðustu tvö ár. Á árinu 2004 var einkaneyslan 49% meiri en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hafði landsframleiðslan vaxið um 47%. Mannfjöldinn óx á sama tíma um tæp 15%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 30%.

## Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. Preliminary figures 2004.


**Einkaneysla 57,2% af landsframleiðslu**

Hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu reyndist vera 57,2% á árinu 2004 og er það hærra hlutfall en verið hefur undanfarin tvö ár. Í sögulegu samhengi lætur nærri að þetta hlutfall sé í meðaltali undanfarinna fimmtán ára og fimm ár af síðustu fimmtán hefur það verið hærra. Í töflu 4 er sýnd samsetning einkaneyslunnar eftir útgjaldaflokkum undanfarin fjögur ár og árin 1990 og 1995.

Einkaneysla er hér í fyrsta skipti flokkuð í 12 aðalflokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi, COICOP (Classification of Individual Consumption by Purpose) en áður var fylgt eldri útgáfu þeirrar flokkunar. Í töflunni kemur fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 24,4% á árinu 1990 en er nú komið niður í 18,0%. Þá hefur vægi fatnaðar minnkað um meira en þriðjung. Á móti kemur að útgöld til samgangna og fjarskipta hafa aukist um 40%.

**Mynd 4. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu**

Figure 4. Private final consumption and GDP, volume indices



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. Preliminary figures 2004.

**Samneysla 25,6% af landsframleiðslu**

Samneyslan óx um 2,8% á liðnu ári og er það svipaður eða ívið minni vöxtur en undanfarin ár að árinu 2003 undanskildu. Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 25,6%, eða svipuð og undanfarin tvö ár. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall í hámarki. Í töflum 9–11 er sýnt yfirlit yfir tekjur og gjöld hins opinbera í heild 1999–2004 með líkum hætti og áður.

Frá og með marstölum 2004 var sú breyting gerð að sala hins opinbera á vörum og þjónustu, sem áður var dregin frá gjöldum, er nú færð sem tekjur. Þessi breyting er gerð aftur til ársins 1980. Af því leiðir að umsvif hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu mælast hærra en áður. Þetta er gert til samræmis við þær aðferðir sem OECD og fleiri alþjóðastofnanir hafa tekið upp við framsetningu á hagtölum af þessu tagi og samanburð milli landa. Þá hefur sú breyting verið gerð frá og með árinu 2002 að starfsemi fráveitna sveitarfélaga er nú talin til fyrirtækjarekstrar en var áður hluti hins opinbera og tekjur fráveitna voru taldar til skatttekna.

**Mikill vöxtur í atvinnuvegafjárfestingu**

Á árinu 2004 jókst fjárfesting í heild um fimmtung annað árið í röð. Áfram varð mikill vöxtur í atvinnuvegafjárfestingu en hún óx um 23% frá árinu 2003 en þar vegur þýngst fjárfesting í stóriðju- og orkuverum. Tölur um fjárfestingu atvinnuveganna á árinu 2004 eru enn að talsverðu leyti byggðar á áætlunum þar sem


niðurstöður úr samræmdu skattframtali rekstraraðila vegna ársins 2004 liggja ekki fyrir.

Mikill vöxtur varð einnig í fjárfestingu hins opinbera eða 27% á árinu 2004. Frá og með árinu 2002 hafa orðið nokkrar breytingar á flokkun fjárfestingar milli atvinnuvega og hins opinbera. Má þar t.d. nefna fráveitur sveitarfélaga en fjárfesting á þeirra vegum er nú talin atvinnuvegafjárfesting en ekki fjárfesting á vegum hins opinbera eins og áður var.

Verulega dró úr vexti íbúðafjárfestingar eftir mikinn vöxt undanfarin fjögur ár og var hann viðlíka og á árinu 2002 eða 5,7%. Tölur um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði eru byggðar á upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins.

### Mynd 5. Magnvísitala fjármunamyndunar og helstu undirliða

Figure 5. Gross fixed capital formation, volume indices by main components




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. Preliminary figures 2004.

#### Þjóðarútgjöld aukast langt umfram landsframleiðslu

Þjóðarútgjöldin, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 8,4% að raungildi á liðnu ári. Þetta er enn meiri vöxtur en á árinu 2003 og langt umfram vöxt landsframleiðslunnar bæði árin. Þessari miklu aukningu þjóðarútgjalda var að verulegum hluta mætt með mikilli aukningu innflutnings, sem óx um 14,2%. Útflutningur óx mun minna eða um 8,3%, og í heild óx landsframleiðslan um 6,2% eins og áður segir.

### Mynd 6. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 6. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. Preliminary figures 2004.

#### Hlutur einstakra atvinnugreina

Landsframleiðslan hefur hér verið metin með því að meta útgjöld þjóðarþúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðsluna er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 8 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 1999–2004 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 7 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinum. Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2003 en áætlunum fyrir árið 2004.

### Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary figures 2003 and estimated figures 2004.

#### Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðsluna í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bítum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2004 er talið að í hlut launþega hafi komið um 69% af því sem til skiptanna var en


fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr býtum um 31%. Launahlutfallið á árinu 2004 hefur því lækkað nokkuð frá því sem það var á árinu 2003, þegar það var tæp 70%, en í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hátt undanfarin ár.

*Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum undanfarin ár*

Öll árin 1996–2001 var hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjunum í heild. Samdráttur varð hins vegar hér á landi á árinu 2002 um 1,3% en 1,6% vöxtur hjá OECD ríkjunum í heild. Á árinu 2003 varð 2,1% hagvöxtur í aðildarríkjum OECD í heild samanborið við 3,6% vöxt á Íslandi en á árinu 2004 reiknar OECD með 3,4% vexti í OECD ríkjunum, samanborið við 6,2% vöxt hérlendis eins og Hagstofan áætlað hann nú. Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróunina á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxturinn hér á landi til muna lægri en í OECD ríkjunum í heild. Ef litið yfir allt tímabilið 1990–2004 þá reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 2,8% en í OECD ríkjunum í heild 2,5%.

### Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 004. Preliminary figures 2004.

*Endurskoðun aðferða og talnaefnis í september 2005*

Að þessu sinni kynnir Hagstofan nýja endurskoðun á þjóðhagsreikningum sem nær aftur til 1990 og að nokkru til ársins 1980. Endurskoðunin fyrir tímabilið 1980–1990 skiptir óverulegu máli þar sem hún nær eingöngu til verðlags hvers árs og breytir nánast engu í þróun raunstærða. Meiri breyting verður eftir 1990 og nær sú breyting bæði til raunstærða og fjárhæða á verðlagi hvers árs. Fimm atriði skipta mestu máli í þessu sambandi:

- Í stað viðmiðunar við fast verð tiltekins árs (var 1990) er nú tekin upp árleg keðjutenging við útreikning á magnbreytingum
- Tímaraðir aftur til ársins 1980 eru gerðar samfelldar
- Vöruflæðisreikningar árið 2001 liggja fyrir og eru nýttir
- Tekin er upp ný útgjaldaflokkun í einkaneyslu og samneyslu
- Birt er ný samræmd atvinnugreinaflokkun þjóðhagsreikninga eins langt aftur og talnaefnið nær, þ.e. til 1973

Verður nú gerð stutt grein fyrir þessum og nokkrum öðrum breytingum.

*Árleg keðjutenging í stað fasts grunnárs, nýtt viðmiðunarár*

Undanfarinn hálfan annan áratug eða allt frá árinu 1990 hefur árið 1990 verið notað sem grunnár við mat á magnbreytingum. Það þýðir að verðhlutföll á því ári hafa ráðið innbyrðis vægi fjárhæða. Íðulega taka einstakar vörutegundir ólíkum verðbreytingum og má því leiða líkur að því að fjarlæggt grunnár gefi ranga mynd af magnbreytingum. Í alþjóðastöðlum var því áður lagt til að skipt væri um grunnár á nokkurra ára fresti. Í þeim stöðlum sem nú gilda og Hagstofan tekur mið af, það er þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna (SNA 93) og hliðstæðum staðli Evrópusambandsins (ESA 95), er mælt með árlegri keðjutengingu. Hagstofan hefur því tekið þessa aðferð upp og eru einstakir liðir ráðstöfunaruppgjorsins endur-reiknaðir aftur til ársins 1990.

Árleg keðjutenging hefur það í för með sér að fjárhæðir á verðlagi hvers árs eru færðar til verðlags ársins á undan og magnbreytingin síðan reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs. Þannig fæst magnbreytingin milli hvers tveggja ára og þær breytingar eru síðan tengdar saman til þess að fá samfelldar magnvísitölur. Því má segja að í stað þess að grunnárið sé 1990 eins og verið hefur að undanförmu sé grunnárið fyrra árið af hverjum tveimur samliggjandi árum í útreikningum á magnbreytingum. Þessir útreikningar eru gerðir aftur til ársins 1990 en magnbreytingar fyrir þann tíma haldast óbreyttar.

Eftir að árleg keðjutenging hefur verið tekin upp eru eins og áður birtar magnvísitölur. Vísitalan er nú sett sem 100,0 árið 2000 í stað ársins 1990 áður. Árið sem valið er sem 100 nefnist viðmiðunarár (reference year) þegar keðjuvísitölu er beitt.

Auk magnvísitölu eru einnig birtar tölur á föstu verði en þær eru reiknaðar út frá magnvísitölum. Árleg keðjutenging veldur því hins vegar að samtölur stemma ekki við undirliði nema á viðmiðunarári og næsta ár eftir viðmiðunarár.

Við mat á magnbreytingum í framleiðsluuppgjöri hefur árlegri keðjutengingu verið beitt frá og með árinu 1990. Í þeim tölum, sem nú birtast, hefur árleg keðjutenging einnig verið tekin upp í framleiðsluuppgjörinu fyrir tímabilið 1973–1990 og kemur hún í stað fasts grunnárs sem var árið 1980.

**Tafla 1. Keðjutenging í stað fasts grunnárs, breyting frá fyrri útreikningum miðað við fast grunnár**

*Table 1. Annual chain linking replacing constant base year, the impact on annual growth rates*

	Magnbreyting frá fyrra ári, % <i>Volume change on previous year, per cent</i>	
	Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>
1991	0,00	-0,60
1992	-0,05	0,80
1993	0,01	0,90
1994	-0,02	-0,80
1995	0,09	-0,60
1996	0,10	-0,40
1997	0,42	0,10
1998	-0,15	-0,70
1999	-0,30	0,10
2000	-0,42	-0,70
2001	0,21	1,50
2002	-0,48	1,30
2003	-0,60	2,00
2004	-0,47	1,40



Áhrif keðjutengingar á tölulegar niðurstöður eru nokkuð mismunandi eftir einstökum liðum. Eins og vænta mátti hefur keðjutengingin engin áhrif á breytinguna milli árana 1990 og 1991 enda er grunnárið það sama og framan af tímabilinu kemur fram óverulegur munur.

Árið 1997 og eftir það kemur aftur á móti fram talsverður munur og fer hann vaxandi í einkneyslu en meiri sveiflur koma fram í fjármunamyndun. Samanburður á einkaneyslutölum og undirliðum hennar er einna áhugaverðastur því tiltækt grunnefni hefur gefið færi á ítarlegri sundurliðun við útreikning á magnbreytingum. Mest breyting verður á einkaneyslunni síðustu þrjú árin, þ.e. árin 2002–2004, og sýnir keðjuvísitala nú 0,5 til 0,6% minni magnbreytingu, sem leiðir þá jafnframt til þess að verðbreyting einkaneyslunnar reynist hærri sem þeim mun nemur. Þetta leiðir þá jafnframt til þess að munurinn minnkar á milli þeirra verðbreytinga sem einkaneyslan sýnir annars vegar og vísitala neysluverðs hins vegar. Minni vöxtur einkaneyslunnar en fyrri útreikningar sýndu leiðir til þess að hagvöxtur þessi ár mælist nú 0,3 til 0,4% minni við það að keðjutenging er tekin upp í stað fasts grunnárs. Önnur ár er þessi munur enn minni. Sumir undirflokkar einkaneyslunnar breytast verulega við keðjutenginguna. Sérstaklega er þetta áberandi þegar undirliðir í einstökum flokkum hafa vikið verulega frá almennri verðþróun frá grunnárinu 1990. Dæmi af þessu tagi eru heimilistölvur og tölvuleiktæki.

Árleg keðjutenging veldur mun minni breytingum á samneyslu en einkaneyslu. Ástæðan er sú að magnbreyting hennar hefur lengst af verið byggð á keðjutengingu og lítilli sundurliðun á undirliði. Magnbreyting fjármunamyndunar er aftur á móti byggð á nokkru meiri sundurliðun og þar kemur fram allt að 2% munur en þá ber þess að geta að árlegar breytingar í fjármunamyndun eru iðulega 10 til 20% og mun meiri en í einkaneyslu.

Magnbreytingar í utanríkisviðskiptum hafa til langs tíma byggst á árlegum keðjutengingum og þess vegna verður engin breyting á undirliðunum vörur eða þjónusta. Aftur á móti breytast samtölur vöru og þjónustu lítið eitt sum árin vegna þess að samtölnar réðust áður af verðhlutföllum á árinu 1990 en nú af verðhlutföllum fyrra árs af hverjum tveimur.

#### *Samfelldar tímaröðir frá 1980*

Í mars ár hvert eru birtar fyrstu tölur yfir þjóðhagsreikninga fyrra árs. Þessar tölur eru síðan endurskoðaðar í september sama ár. Bæði í mars og september eru tölur allra síðustu ára endurskoðaðar á grundvelli betri heimilda og til samræmingar í matsaðferðum. Auk þessa er óreglulega en á nokkurra ára fresti gerðar meiri háttar breytingar, sem ná þá yfir lengra árabíl. Nokkuð er misjafnt hve langt aftur í tímann þessar breytingar hafa náð. Sem dæmi af þessu tagi má nefna að haustið 2002 var gerð meiri háttar endurskoðun á þjóðhagsreikningum eins og gerð var grein fyrir í Frétt nr. 95/2002 frá Hagstofunni. Þessi breyting náði aftur til ársins 1997 en engin breyting varð á tölum fyrri ára. Af því leiddi að brot kom í tímaröðina og voru tölur ársins 1997 því sýndar bæði fyrir og eftir endurskoðunina. Síðan þá hafa verið gerðar nokkrar minni háttar breytingar á tölunum aftur til 1997 en fyrri árum hefur ekki verið breytt. Eftir stóð því brot í tímaröðinni árið 1997 á verðlagi hvers árs. Annað brot var í tímaröðinni árið 1990. Aftur á móti hafa magnvísitölur ávallt verið keðjutengdar og myndað samfellda tímaröð.

Ljóst er að brot í tímaröðum valda notendum talnanna nokkrum óþægindum og þess vegna ákvað Hagstofan að eyða þessum brotum bæði árin 1997 og 1990 þannig að tímaröðir á verðlagi hvers árs verða nú samfelldar aftur til ársins 1980. Þessi breyting á við allt talnaefni yfir ráðstöfunaruppgjör þjóðhagsreikninga sem

birtist frá og með september 2005. Aftur á móti hefur brotum ekki verið eytt í framleiðsluuppgjörinu og verður þar áfram brot árin 1997 og 1990 á verðlagi hvers árs en magnvísitölur eru samfelldar.

Brotunum er eytt með því að reikna hlutfallið á milli nýju og gömlu fjárhæðanna í heildarstærðum á tengiárunum, þ.e. 1997 og 1990 og breyta eldri tölum í samræmi við það hlutfall. Þessi breyting er gerð „línu fyrir línu“ þannig að fyrri hlutfallsbreytingar milli ára haldast óbreyttar. Svo dæmi sé tekið hafa til þessa verið birtar tvær tölur um einkaneyslu á verðlagi hvers árs árið 1997 og hefur nýrri talan verið 2,4% lægri en eldri talan. Nú hafa eldri tölur verið lækkaðar til samræmis við nýrri tölur og er þá leitast við að rekja þá breytingu til rétttra undirliða. Sama er að segja um fjármunamyndunina. Birtar hafa verið tvær tölur um fjármunamyndun 1997 á verðlagi ársins og var nýrri talan 5,6% lægri en eldri talan. Eldri tölur árána 1990–1997 voru því lækkaðar um 5,6% og sú breyting rakin til rétttra undirliða eftir því sem gögn leyfðu.

Árið 1990 var annað brot í tímaröðinni vegna upptöku á nýju þjóðhagsreikningakerfi. Því broti er eytt með sama hætti og er þá einnig reynt að rekja þá breytingu til rétttra undirliða í einkaneyslu, fjármunamyndun og samneyslu. Rétt er að ítreka að hagvöxtur breytist því ekki vegna þessa. Eina sem breytist eru fjárhæðir á verðlagi ársins.

*Niðurstöður vöruflæðisreikninga  
2001*

Tilgangur vöruflæðisreikninga (Supply and use reikningar) er meðal annars að stemma af framleiðslu- og ráðstöfunarhlíðar þjóðhagsreikninga. Reikningarnir eru gerðir á Hagstofunni á nokkurra ára fresti. Haustið 2002 var lokið við slíka reikninga fyrir árið 1997 og voru þeir notaðir við afstemningu þess talnaefnis sem þá birtist. Síðan hefur verið byggt á ýmsum bráðabirgðatölum við afstemninguna en nú liggja fyrir sambærilegar töflur fyrir árið 2001. Á grundvelli þess efnis, svo og ýmissa annarra heimilda, hafa ýmsir liðir í ráðstöfunaruppgjörinu og framleiðsluuppgjörinu tekið breytingum á árinu 2001 og hafa þær breytingar jafnframt leitt til breytinga öll árin eftir 1997. Má þar sérstaklega nefna nokkra liði framleiðsluuppgjörsins eins og byggingarstarfsemi, hótél og veitingarekstur og nokkra fleiri.

*Ný flokkun útgjalda í einka- og  
samneyslu,*

Tekin hefur verið upp ný flokkun útgjalda í einkaneyslu og samneyslu. Hvor tveggja flokkunin byggir á alþjóðlegum flokkunum og leysa af hólmi eldri alþjóðlegar flokkanir. Í einkaneyslu er byggt á svonefndri COICOP flokkun (Classification of Individual Consumption by Purpose). Sú flokkun er almennt notuð í þjóðhagsreikningum en einnig á öðrum sviðum, svo sem við rannsóknir á útgjöldum heimila og í vísitölu neysluverðs. Munurinn á nýju og gömlu flokkuninni felst einkum í því að sumir liðir, sem í gamla flokkunarkerfinu voru undirliðir, verða nú aðalliðir eins og 02 Áfengi og tóbak, 08 Póstur og sími, 10 Menntun, 11 Hótél og veitingastaðir. Einnig verða til nýir undirliðir, sem teknir hafa verið úr ýmsum öðrum liðum í gamla flokkunarkerfinu, eins og t.d. 12.5 Tryggingar. Við þessar breytingar fjölga aðalliðum úr 8 í 12. Einkaneysluútgjöld hafa verið endurflokkuð aftur til ársins 1990 samkvæmt þessari nýju flokkun.

Tekin hefur verið upp ný málaflokkasundurliðun hins opinbera og er hún byggð á nýrri útgáfu af hinni svonefndu COFOG flokkun (Classification of Functions of Government) og nær bæði til samneyslu og útgjalda hins opinbera í heild. Hin nýja flokkun var unnin í samstarfi Hagstofunnar, Fjársýslu ríkisins, fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar og hefur einstökum fjárlaganúmerum verið raðað inn í hina nýju flokkun. Að því er stefnt eftir þessa breytingu að fullt samræmi verði milli þessara aðila við flokkun ríkisútgjalda. Þessu verki er ekki að fullu lokið

og geta því nokkrir fjárlagaliðir færst á milli flokka. Hagstofan hefur flokkað útgjöld sveitarfélaganna inn í þessa nýju flokkun með sama hætti. Útgjöld hins opinbera hafa verið endurflokkuð aftur til ársins 1998 samkvæmt þessari nýju flokkun.

Á vegum sömu stofnana er nú einnig unnið að endurskoðun á hagrænni flokkun ríkisútgjalda, þ.e. aðgreiningu útgjalda milli tilfærslna, kaupa á vöru og þjónustu, styrkja o.fl. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki snemma á næsta ári.

Í nýja COFOG staðlinum er málaflökkunum fækkað um fjóra og eru þeir nú tíu. Auk fækkunar málaflökka eru helstu breytingarnar þessar: Í málaflokk 04 Efnahagsmál er búið að sameina landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, iðnaðar- og samgöngumál, orkumál sem og önnur atvinnumál. Málaflokkur 05 Umhverfismál bætist við og sú breyting verður með nýja staðlinum að útgjöld til rannsókna og þróunar flokkast á hvern málaflokk fyrir sig en ekki einn flokk eins og áður var.

Í málaflokki 09 Menntamál á nú að flokka hluta af útgjöldum hins opinbera til leikskólabarna á aldrinum 3–6 ára. Vinnuhópur vinnur að því að samræma skilgreiningar OECD á leikskólastiginu að íslenskum aðstæðum. Þessari vinnu er ekki lokið og í núverandi tölum er til bráðabirgða helmingur heildarútgjalda hins opinbera til leikskólabarna færður sem útgjöld til menntamála.

*Atvinnugreinaflokkun fyrir ára samræmd*

Atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT, hefur verið fylgt í framleiðsluuppgjöri frá og með efni ársins 1997 og allt grunnefni frá þeim tíma er flokkað samkvæmt ÍSAT. Fyrir þann tíma, það er yfir tímabilið 1973–1997, er byggt á eldri atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, sem að stofni til er ISIC flokkun frá 1964. Báðar flokkanirnar eru alþjóðlegar en lítilega staðfærðar. Til þess að fá samræmdar tímaráðir hefur Hagstofan nú lokið við að fella gömlu flokkunina að þeirri nýju og er þá miðað við ÍSAT flokkun í 2ja stafa sundurliðun eða tæplega 60 atvinnugreinar og samdrátt þeirrar flokkunar á 17 og 6 atvinnugreinaflokk. Framleiðsluuppgjörið er nú birt í þessari flokkun eins langt aftur og það nær, það er til ársins 1973. Hin nýja ÍSAT flokkun er mun ítarlegri en gamla ISIC flokkunin. Af því leiðir að sum gömlu ISIC atvinnugreinanúmerin skiptast á nokkrar atvinnugreinar í ÍSAT flokkuninni. Þetta leiðir til nokkurrar ónákvæmni þegar gamla flokkunin er felld að þeirri nýju og veldur því jafnframt að Hagstofan telur ekki mögulegt að flokka gamla ISIC efni tímabilsins 1973–1997 ítarlegar eftir nýju ÍSAT flokkuninni en hér er gert.

*Aðrar breytingar*

Auk þeirra breytinga sem nú hefur verið lýst hafa einnig verið gerðar nokkrar aðrar breytingar sem ekki flokkast undir reglulega endurskoðun nýliðinna ára. Má þar sérstaklega nefna ýmsa liði í einkaneyslu. Mestu munar um endurmat á kostnaði við rekstur eigin bifreiðar. Þá má nefna ýmsa minni liði eins og kostnað heimila vegna bílaleiga, pósthjónustu, þvottahús og efnalaugar og fleira en þessir liðir hafa verið endurmetnir meðal annars á grundvelli upplýsinga úr reglulegum neysluskönnunum Hagstofunnar.

*Reiknuð bankaþjónusta, FISIM*

Jafnhliða þeim breytingum, sem að framan er lýst, stefndi Hagstofan að því að taka nú upp nýjar aðferðir við mat á reiknaðri bankaþjónustu (FISIM) í samræmi við þær aðferðir sem Eurostat (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur mótað í samvinnu við aðildarríkin. Samkvæmt hinum nýju aðferðum á að dreifa bankaþjónustunni á atvinnugreinar og heimili. Flest ríki Evrópusambandsins eru að ljúka þessari vinnu og taka hinar nýju aðferðir upp á þessu ári. Verkið hefur hins vegar sóst hægar hérlendis en að var stefnt og hefur því reynst óhjákvæmilegt að fresta því. Þegar

Því er lokið má líklegt telja að fjárhæð landsframleiðslunnar hækki lítið eitt í fjárhæðum á verðlagi hvers árs yfir allt það árábil, sem hinum nýju aðferðum verður beitt.

#### *Ítarlegra talnaefni á netinu*

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, má vísa til ítarlegs talnaefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaráðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga. Eins og fram hefur komið hér að framan þá hefur talnaefnið nú breyst allt aftur til ársins 1980 en þó eru breytingar fyrir tímabilið 1980-1990 óverulegar og snerta fyrst og fremst fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

Þær tölur um árið 2004, sem nú birtast, verða næst endurskoðaðar um miðjan mars 2006 og þá birtar í Hagtíðindum ásamt fyrstu áætlunum um landsframleiðslu á árinu 2005.

### **English summary**

Statistics Iceland now releases the preliminary annual national accounts for 2004 replacing provisional data of March 2005. The present figures show Gross Domestic Product (GDP) in 2004 amounting to 885 billion kronur. In real terms, GDP grew at a rate of 6.2% after 3.6% growth the year before. Owing to unfavourable developments of the terms of trade vis-à-vis other countries and net outflow of property income, the rate of growth of Gross National Income (GNI) was somewhat lower or 4.9%.

The growth in GDP during 2004 can mainly be explained by 6.9% growth in household final consumption and 21.0% growth in fixed capital formation. This was mainly offset by a considerable growth in imports which increased by 14.2% in real terms with the consequences that the balance on current account became negative by almost 73 billion kronur, 8.2% of GDP. In 2004 the main aggregates of GDP were characterised by similar developments as the year before.

Parallel to this regular presentation of national accounts data Statistics Iceland has now completed a major revision of national accounts data stretching back to 1990 and in some cases back to 1980. This revision covers following items:

- Annual chain linking is introduced, replacing 1990 constant prices calculations
- Breaks in time series at current prices have been eliminated in the expenditure approach back to 1980
- New supply and use calculations for the year 2001 implemented in the balancing procedure
- New versions of the COICOP and COFOG classifications are implemented for household final consumption and government outlays
- The former Icelandic activity classification in use up to 1997 has been reclassified according to the present Icelandic version of NACE, rev 1, back to 1973. Thereby continuous time series of the output approach have been constructed on A6, A17 and A60 level.

However the allocation of FISIM has not yet been implemented as planned.

The next revision of the figures presented now will be released in March 2006 together with the first provisional data of 2005.

**Tafla 2. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1999–2004**Table 2. *Gross Domestic Product and Gross National Income 1999–2004*

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	1999	2000	2001	2002	2003	2004 <sup>1</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	366.331	399.966	417.064	429.621	460.363	506.099
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	142.430	157.934	176.656	200.473	211.529	226.259
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	135.499	157.921	165.802	138.682	165.972	207.158
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	120	2.494	-2.084	-182	-1.502	-3.343
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	<b>644.379</b>	<b>718.315</b>	<b>757.438</b>	<b>768.594</b>	<b>836.362</b>	<b>936.172</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	212.166	229.520	299.412	305.864	288.114	316.103
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	144.928	149.272	196.582	204.303	182.580	202.373
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	67.238	80.248	102.830	101.561	105.534	113.730
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	241.482	278.637	306.897	292.110	313.277	367.266
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	167.310	186.752	202.518	190.221	198.480	238.921
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	74.172	91.885	104.379	101.889	114.797	128.345
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>615.063</b>	<b>669.198</b>	<b>749.953</b>	<b>782.348</b>	<b>811.199</b>	<b>885.009</b>
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad</i>	-12.844	-19.153	-24.649	-4.173	-13.879	-21.586
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>602.219</b>	<b>650.045</b>	<b>725.304</b>	<b>778.175</b>	<b>797.320</b>	<b>863.423</b>
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-42.160	-68.270	-32.134	9.581	-39.042	-72.749
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	-22.382	-37.480	-5.936	14.082	-15.900	-36.548
